Umhverfisstofnun
Áb. BS
17 DES. 2004
54.52
Tilv. UST2004/100/26

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

17. desember 2004
Tilvísun: UST20041100126/bs

**Hringvegur um Dynjanda, Sveitarfélaginu Hornafirði Matsskylda**

Með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir að Vegagerðin kynnti aðra valkosti í vegagerð við Skarðsfjörð þar sem leitast væri við að hlífa fjörunni sem er á Náttúruminjaskrá eins og kostur er.
Umhverfisstofnun barst svar frá Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 10. desember sl. Þar er lögð til breyting á leið 1 og 2 sem felst í því að veglína er færð ofar í landi þannig að fláafótur vegar verður við fjöruborði milli stöðva 6500 og 6700. Með því er unnt að hlífa leirum á þessu svæði.
Umhverfisstofnun telur að ef Hringvegur um Dynjanda verði lagður skv. ofangreindri tillögu Vegagerðarinnar sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson

Helgi Jensson